



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS · HÁSKÓLABÓKASAFN

Alþingi
Erindi nr. P 133/1208
komudagur 26.2.2002

Reykjavík, 23. febrúar 2007

UMSÖGN

um *Frumvarp til laga um bókmenntasjóð og fleira*
(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006-2007)
Þskj. 776 – 513. mál

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um bókmenntasjóð og fleira og óskar að gera eftirfarandi athugasemdir:

1. *Almennt álit:* Frumvarpið virðist taka til tveggja atriða en heiti þess er óljóst (sbr. „og fleira“), það er annars vegar bókmenntasjóðs sem er samsettur úr þremur fyrri sjóðum og svo til greiðslna vegna afnota á bókasöfnum. Tilgangurinn með því að spyrða saman tvo sjóði í eitt frumvarp mun víst vera að finna í markmiðinu: „Markmið laga þessara er að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu og búa íslenski bókmenningu hagstæð skilyrði.“

Sameining margra sjóða í einn sjóð hefur ávallt í för með sér hættu á að fjárveitingar til sjóðsins rýrni miðað við tekjur fyrri sjóðanna. Hafa þarf í huga að einn stór sjóður geti jafnvel þurft hærri fjárveitingu en sjóðirnir sem renna inn í hann til samans, ekki síst ef gert er ráð fyrir að kostnaður, s.s. þóknun til stjórnarmanna, rekstur skrifstofu og greiðslur fyrir afnot á bókasöfnum sé líka greitt úr bókmenntasjóði. Ennfremur getur skapast óánægja og árekstrar milli styrkþega sem hafa áður fengið úthlutað úr tilteknum sjóði en finnast að sá sjóður fái hlutfallslega minna en áður í sinn hlut. Safnið leyfir sér því að hafa efasemdir um almenn markmið frumvarpsins og að það nái þeim tilgangi sem að er stefnt.

Athugasemd við 2. gr. og 4. gr.

Óljóst er hvort og þá hvaða tengsl eru milli bókmenntasjóðs sbr. 2. gr. og úthlutunarnefndar sbr. 4. gr. Hér er einnig gerð athugasemd um orðalag. Ýmist er talað um styrki eða greiðslur og þyrfti að gera skýrari greinarmun á notkun þessara orða og taka af öll tvímæli um skilgreiningu og framkvæmd þessara laga.

Athugasemd við 4. gr.

Í 4. gr. segir: „Greiðslur fyrir útlán bóka skulu byggðar á upplýsingum frá Landskerfi bókasafna. Við úthlutun á greiðslum fyrir afnot bóka á lestrarsöllum bókasafna er heimilt að meta fjölda titla og eintaka bóka hvers höfundar, sem eru til afnota á lestrarsöllum bókasafna, sem jafngildi tiltekins fjölda útlána á grundvelli stigagjafar þar sem tekið er tillit til tegundar, umfjöllunarefnis eða lengdar bóka.“



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS · HÁSKÓLABÓKASAFN

Landskerfi bókasafna á að afla upplýsinga um fjölda titla og eintök en stigagjöf á einnig að taka mið af tegund, umfjöllunarefni og lengd. Ekki er ljóst hvort Landskerfi bókasafna eða annar aðili á að afla þeirra upplýsinga enda liggja slíkar upplýsingar ekki fyrir og er öflun þeirra vandkvæðum bundið. Til dæmis er ekki hægt að sjá lengd bókar nema með því að fara inn í hverja færslu fyrir sig og handskrá upplýsingarnar. Sömuleiðis er óskýrt hver og hvernig á að meta „umfjöllunarefni“ bókar sem nota á til viðmiðunar um stigagjöf. Óhjákvæmilega mun fylgja því mikil vinna og þar með mikill kostnaður ef ætlast er til að söfnin, hvert og eitt, telji blaðsíðufjölda allra þeirra bóka sem eru á lestrarsal. Landsbókasafn telur að sú aðferð að byggja stigagjöf á þessum atriðum sé óframkvæmanleg og að finna verði önnur viðmið.

Virðingarfyllt

f.h. Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns

Áslaug Agnarsdóttir

Sviðsstjóri þjónustusviðs